

Horses of Iceland



Markmið – Verkefni – Árangur 2018

MARKMIÐ

Tilgangur Horses of Iceland verkefnisins er að auka vitund um og styrkja ímynd íslenska hestsins á alþjóðavettvangi. Markmiðið er að leggja grunn að aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyrstekjum af sölu á hestinum, vörum og þjónustu honum tengdum með faglegu og framsæknu markaðsstarfi undir merkjum Horses of Iceland – bring you closer to nature.

ÁHERSLUR

Lögð er áhersla á að ná víðtæku samstarfi aðila í Íslandshestasamfélaginu um heim allan til að tryggja samræmd skilaboð í markaðsstarfinu og aukinn slagkraft. Unnið er með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Lögð er mikil áhersla á notkun stafrænnar miðlunar, vef og samfélagsmiðla, til að ná sem mestri útbreiðslu um heim allan. Einnig er lögð áhersla á samlegð í kynningarstarfi innan Íslandsstofu við aðrar greinar, s.s. ferðaþjónustu í markaðsverkefninu Inspired by Iceland og Iceland Naturally við kynningu á íslenskri menningu.

MARKHÓPAR OG MARKAÐSSVÆÐI

Á árinu 2018 var lögð áhersla á að ná til markhóps 3) sem eru eigendur og knapar annarra hestakynja með von um að auka þannig athygli sem hvetur til aukinna viðskipta, þjónustu og afþreyingar þar sem íslenski hesturinn kemur við sögu.

Auk þess var unnið að því að ná áfram til markhópanna 1) erlendra aðila sem nú þegar tengjast íslenska hestinum um heim allan, með einum eða öðrum hætti 2) ferðamenn á Íslandi og þá sem eiga leið um Leifsstöð. Kynningarefni var m.a. birt í afþreyingarkerfi flugvéla Icelandair sem og í flugblöðum Icelandair og Flugfélags Íslands.

Stefnan er að þegar við fáum samstarfsaðila erlendis frá, t.d. Íslandshestasamtök, að setja þá aukinn kraft í kynningarstarf í viðkomandi landi og styðja þannig við samstarfið.

Árið 2018 gerðist danska íslandshestafélagið samstarfsaðili og var unnið að því í sameiningu að halda hátíðlega upp á 50 ára afmæli danska sambandsins.

Lagt var fjármagn í að kynna íslenska hestinn á alþjóðlegum sýningum þar sem fjölmörg hestakyn koma saman, t.d. í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Einnig var vel lagt í fræðslu og kynningu hérlandis og þá sérstaklega á Landsmóti í Reykjavík.

Hægt er að ná til fólks með markvissum hætti á stafrænum miðlum eftir löndum, kyni, aldri og áhugamáli og er það gert sérstaklega á Facebook.

MARKAÐSAÐGERÐIR, KYNNINGAREFNI OG VIÐBURÐIR ÁRIÐ 2018

Sýningar og viðburðir:

- Gautaborg Horse Show skoðuð 20.-25.febrúar
- Menntaráðstefna FEIF á Hólum í Hjaltadal 23.-25.mars (samstarf við FEIF og Hólaskóla)
- Skróðreið um miðbæ Reykjavíkur 28.apríl (samstarf við LH)
- Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins á heimsvísu 1.maí (haldinn árlega)
- Landsmót í Reykjavík 1. - 8.júlí með þátttöku ráðherra og Forseta Íslands
- Blaðamannaferð og heimildarmyndagerð á Landsmót í Reykjavík og heimsóknir til samstarfsaðila HOI (*FEI TV* og *Gallop magazine*)
- Ein frægasti hestaljósmyndari heims, Christiane Slawik, ferðaðist um Ísland 20.-28.ágúst og tók myndir fyrir HOI hjá samstarfsaðilum á Vestur- og Austurlandi
- Blaðamannaferð í Laufskálaréttir og heimsóknir til samstarfsaðila í september (*Islandshästpodden* og *National Geographic Traveller UK*)
- Bás á Elmia Power Horse Show í Svíþjóð 12.-14.október (samstarf við sænsku Íslandshestasamtökin)
- Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöll 12.-14.október
- 50 ára afmælishátíð Dansk Islandshesteforening haldin í Kaupmannahöfn 21.október með þátttöku ráðherra
- Bás á Equine Affaire sýningunni í Springfield USA í nóvember (samstarf við Íslandshestasamtökin í Bandaríkjunum)
- Bás á Sweden International Horse Show í Stokkhólmi í Svíþjóð í nóvember (samstarf við sænsku Íslandshestasamtökin)
- Bás á Pferd & Jagd sýningunni í Hannover í Þýskalandi í desember

Auk þess má nefna að verkefnið hefur verið kynnt á fjölmörgum stöðum, t.d. á Landsþingi LH, aðalfundi Félags hrossabænda, o.fl.

Vefsíða Horses of Iceland:

Vefsíðunni HorsesofIceland.is er ætlað að halda utan um efni sem tengist íslenska hestinum og er nú titluð sem „The Official Site of the Icelandic horse“.

Vefurinn er á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og sænsku.

Uppfærður vefur fór í loftið á vordögum 2018. Lögð var meiri áhersla á að „lifandi efni“, s.s. sögunum okkar, viðburðum og myndabankanum væru gerð betri skil og voru þau því færð ofar á síðuna.

Ein af áherslum ársins 2019 er að gera samstarfsaðila verkefnisins enn sýnilegri, s.s. að setja upp gagnvirkt Íslandskort með staðsetningu allra samstarfsaðila HOI á heimasíðunni.

Bæklingar og kynningarefni:

Ítarlegur bæklingur hefur verið gerður um íslenska hestinn. Hann hefur verið prentaður á fjórum tungumálum; ensku, þýsku, sænsku og kínversku. Bæklingurinn var einnig þýddur á íslensku með uppfærðum myndum. Var bæklingnum meðal annars dreift á Hestadögum í Reykjavík, Æskunni og hestinum, Meistaradeildinni í hestaíþróttum, Landsmóti í Reykjavík og Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Skráning á póstlista:

Í gegnum vefinn hefur verið hægt að skrá sig á póstlista og eru nú tæplega 5.000 manns alls staðar að í heiminum að fá sendar fréttir reglulega frá okkur. Vel hefur gengið að auka fjölda póstfanga á listanum með ýmis konar leikjum, getraunum o.fl. Er þessi miðill orðinn nokkuð áhrifamikill.

Samfélagsmiðlar:

Íslenski hesturinn nýtur mikilla vinsælda á samfélagsmiðlum. Fylgjendur okkar voru um 67.000 manns í lok árs 2017 en voru í lok árs 2018 um 90.000. Facebook og Instagram eru okkar helstu miðlar, ásamt YouTube. Samstarfsaðili vinnur með okkur sem sér að mestu um gerð efnis fyrir samfélagsmiðlana. Ítarlegri greining á samfélagsmiðlum er að finna neðar í skýrslunni.

Myndbönd:

Á árinu 2018 var lögð áhersla á gerð minni og styttri myndbanda að loknu viðamiklu ári 2017 í gerð stórra myndbanda. Lögð var áhersla á að streyma frá þeim viðburðum og sýningum sem HOI tók þátt í á árinu og nýta það efni til myndbandagerða. Einnig var meiri áhersla lögð á gerð myndabátta og sagna.

Helst má nefna myndbönd frá Landsmóti, Sweden International Horse Show, Afmælishátíð danska íslandshestafélagsins auk þess sem heimsmeistarinn í skeiði, Charlotte Cook, var heimsótt og stutt myndband gert um hana.

Á árinu 2018 hófst einnig undirbúningsvinna við gerð stærri myndbanda sem munu birtast á árinu 2019. Má þar nefna gerð myndbands í samvinnu við FEIF, alþjóðasamtök íslenska hestsins, og gerð myndbands um þróun í ræktun og reiðmennsku íslenska hestsins.

Einnig hafa myndböndin frá árinu 2017 verið endurbirt og efni úr þeim notað til kynninga og auglýsinga. Allt myndefnið er aðgengilegt á vef verkefnisins, á YouTube og Facebook.

Kynning á samstarfsaðilum:

Í lok árs 2018 voru samstarfsaðilar HOI 65 talsins.

Þeir samstarfsaðilar sem styrkja verkefnið fyrir 150.000 kr. eða meira fá kynningu á sínu fyrirtæki/starfsemi á samfélagsmiðlum HOI. Það er gert með þeim hætti að ljósmyndari HOI kemur í heimsókn, skrifar kynningu og tekur myndir/myndbönd. Samstarfsaðilar fá einnig myndir til eigin nota. Þeir sem fengu kynningu á árinu 2018 eru:

- | | |
|------------------------------------|--|
| 1. Skjaldarvík Guesthouse | 13. Landsmót – fjölmargir samstarfsaðilar kynntir, þ.á.m. Félag Tamningamanna, Hrímnir, Sögusetrið, Knapamerkin, Hólaskóli, Appfengur, MAST, Landsmót 2020 o.fl. |
| 2. Hornhestar | 14. Hólaskóli |
| 3. Hrímnir | 15. MAST |
| 4. Meistaradeildin í hestaíþróttum | 16. Hrossaræktarbúið Kjarr |
| 5. Friðheimar | 17. Íshestar |
| 6. Íslenski hesturinn | 18. Horse Expo |
| 7. Félag Hrossabænda | 19. Vesturkot |
| 8. Dönsku Íslandshestasamtökin | 20. USIHC |
| 9. Hestvit | 21. Blesastaðir |
| 10. AppFengur | |
| 11. Brjánsstaðir | |
| 12. Litla Brekka | |

Stefnt er að því að fjalla um 1-2 samstarfsaðila á mánuði að jafnaði.

Á sýningum; þeir samstarfsaðilar sem styrkja verkefnið fyrir 300.000 kr. eða meira hafa aðgang að bás á þeim viðburðum og sýningum sem HOI tekur þátt í. Þar geta samstarfsaðilar nýtt sér aðstöðuna til að kynna sitt fyrirtæki, halda kynningar, dreifa kynningarefni, sýna kynningarmyndbönd, auk þess sem myndmerki (e. logo) fyrirtækisins er sýnilegt á einum af veggjum bássins.

HVAÐ STENDUR UPP ÚR FRÁ ÁRINU 2018

Hestadagar og Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins 1.maí:

Þar ber skróðreið hestsins í miðbæ Reykjavíkur hæst. Lagt var af stað frá BSÍ, riðið að Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, að Austurvelli, umhverfis Tjörnina og aftur að BSÍ. Sömu helgi stendur æska landsins fyrir opnum sýningum í Reiðhöll Fáks í Víðidal. Íslenska landsliðið í hestaíþróttum stendur fyrir keppni og fjáröflun.

Í beinu framhaldi er haldinn Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins um heim allan, þann 1.maí. Dagurinn er farinn að festa sig í sessi og haldnir eru viðburðir bæði hérlandis og erlendis. Um 5-6 erlendir viðburðir voru haldnir, m.a. í Belgíu og Svíþjóð. Svipaður fjöldi viðburða var haldinn hérlandis, m.a. í Spretti og Sörla. Mikill fjöldi unnenda íslenska hestsins deila gleðinni þennan dag, opna hesthús sín fyrir almenningi, bjóða á hestbak, halda sýningar og keppni. Að sjálfsögðu er öllu deilt á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #horsesoficeland.

Landsmót hestamanna:

Horses of Iceland setti upp veglega fræðsludagskrá á Landsmóti hestamanna í Reykjavík. Þar var verkefnið kynnt auk þess sem samstarfsaðilar voru sýnilegir, myndbönd og annað kynningarefni sýnt og dreift til gesta. Fræðsludagskráin samanstóð af fjölmörgum dagskrárliðum, má þar nefna: fóðurkynningar frá Líflandi, kynningu á Hólaskóla og Knapamerkjum, kynningu á járningum í samstarfi við Járningamannafélag Íslands, fyrirlestrar frá hestamannafélaginu Fáki, fyrirlestur um skeiðgenið og fyrirlestur frá landsráðunauti um ræktun íslenska hestsins. Worldfengur, ættbók íslenska hestsins, var með aðstöðu hjá HOI og Félag Tamningamanna var með sýnikennslur í reiðgerði við hlið HOI tjaldsins.

Fyrsta dag mótsins var almenningi boðið frítt á mótið, um 3.000 manns nýttu sér boðið. Mótið stóð yfir í 8 daga og voru um 8.000 mótsgestir á mótinu öllu. HOI stóð fyrir nokkrum boðum þar sem heiðursgestir voru ráðherrar og Forseti Íslands. HOI hélt einnig boð fyrir yngstu keppendur mótsins og afhenti Forseti Íslands þeim veglegar þátttökugjafir gefnar af HOI og samstarfsaðilum. Boðið var upp á fjölmörg tónlistaratriði og aðrar upptökur í tjaldi HOI Landsmótsvikuna.

Sýningar erlendis:

- Elmia Power Horse Show í Svíþjóð

Elmia Icelandic Power Show er sýning sem haldin er samtímis og Elmia Scandinavian Horse Show. Þetta er einstakur viðburður þar sem keppt er í þremur greinum í hestaíþróttum. Í fyrra komu rúmlega 17.000 gestir til Elmia í Jönköping til að fylgjast með. HOI og sænsku Íslandshestasamtökin (SIF) voru saman með bás og kynntu íslenska hestinn fyrir fólki sem komið var til að fylgjast með öðrum hrossakynjum og íslenska hesta keppni. HOI stóð fyrir sýningu myndbanda á stórum skjáum á meðan á keppni stóð, hélt blaðamannafundi og kynningar um verkefnið.

- Equine Affaire í Bandaríkjunum

HOI tók þátt í Equine Affaire í BNA, sýning sem stendur yfir í 4 daga í Springfield í fylkinu Massachusetts. Þar eru samankomin um 50 mismunandi hestakyn. HOI var í samstarfi við bandaríska Íslandshestafélagið með kynninguna. Áætlaður gestafjöldi á sýningunni var rúmlega 100.000 manns. Haldnir voru fyrirlestrar og kynningar á íslenska hestinum sem og stutt sýningaratriði með íslenska hestinum. Gestir sýndu mikinn áhuga – kynningarefni HOI kláraðist á þriðja degi sýningarinnar.

- Sweden International Horse Show í Stokkhólmi:

Sýningin var haldin í Friends Arena í Solna í Svíþjóð. Áætlaður gestafjöldi var 90.000 manns. Haldnar voru sýnikennslur sem og tekið þátt í kvölddagskrá bæði föstudags- og laugardagskvöld. Fjöldi áhorfenda á kvölddagskrá var á bilinu 10-15.000 manns. HOI var aðalstyrktaraðili sýningaratriða íslenska hestsins. Auglýsingaskilti HOI var á keppnisvelli meðan keppni/sýning fór fram. Myndefni HOI var spilað á risaskjá á meðan sýning/keppni fór fram, einnig þegar hlé var gerð á dagskrá. Sýningar og sýnikennslur voru í háum gæðaflokki, fram komu heimsmeistarar og atvinnumenn í greininni um allan heim.

- Pferd & Jagd í Þýskalandi:

Sýningin var haldin í Hannover í Þýskalandi þar sem fjöldi íslenskra hesta er að finna. Áætlaður gestafjöldi er 102.000. HOI var með sýningarbás og naut aðstoðar frá samstarfsaðila við störf á sýningunni. Þar var verkefnið kynnt auk þess sem samstarfsaðilar voru sýnilegir, myndbönd og annað kynningarefni sýnt og dreift til gesta.

Almannatengsl – blöð/tímarit/miðlar/sjónvarp

- Auglýst var í alþjóðlegum hestatímaritum víðsvegar um heiminn, t.d. Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Danmörku.
- Auglýst var á alþjóðlegum sýningum og keppnum víðsvegar um heiminn, t.d. í Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Danmörku.
- HOI var sýnilegt í sjónvarpi hérlandis, m.a. á Landsmóti (RÚV) og í Meistaradeildinni í hestaíþróttum (Stöð 2 Sport).
- Gott samstarf var við Inspired by Iceland og fleiri verkefni innan Íslandsstofu um að birta og deila efni frá HOI.
- Erlendum ljósmyndurum var boðið til Íslands til að mynda íslenska hestinn hjá samstarfsaðilum HOI víðsvegar um landið. Þýski ljósmyndarinn Christiane Slawik kom til landsins og var í viku. Einnig hefur verið samstarf við brasilíska ljósmyndarann Guadalupe Laiz.
- FEI TV, sem er áskriftarsjónvarp alþjóðasamtaka allra hestakynja í heiminum, var boðið til landsins í júlí 2018. Mynduðu þau m.a. á Landsmóti og heimsóttu samstarfsaðila. Þættirnir voru birtir snemma árs 2019. Áætlað er að FEI TV nái til (e. reach) 238 milljóna manna.
- Blaðamönnum alþjóðlega hestatímaritsins *Gallop Magazine* var einnig boðið til landsins. Fjölluðu þau um skeiðkappreiðar íslenska hestsins bæði á netinu og í tímariti sínu. Fjöldi fylgjenda er um 200.000 manns á FB. Tímaritið er prentað í 14.000 eintökum og dreift um allan heim.
- Forsvarsmönnum sænska útvarpsþáttarins *Islandshästpodden* var boðið í Laufskálaréttir. Teknir voru upp tugir útvarpsþættir sem hægt er að nálgast á hlaðvarpi (e. podcast). Þau hafa um 10.000 hlustendur á hvern þátt.
- *National Geographic Traveller UK* var boðið í Laufskálaréttir. Birt var 8 bls. Grein með flottum ljósmyndum en blaðið hefur u.þ.b. 150.000 lesendur í Bretlandi.
- Auglýsing HOI var spiluð í flugvélum Ícelandair þegar afþreyingarkerfið var ræst.

Samfélagsmiðlar:

Efni frá HOI hefur birst í fréttaveitu nokkurra milljóna manna á samfélagsmiðlum.

Líklega er um að ræða stærstu og viðamestu kynningu sem íslenski hesturinn hefur náð nú á tímum stafrænna miðla. Fylgjendur á samfélagsmiðlum voru rúmlega 67.000 manns árið 2017 en eru nú, í lok árs 2018, um 90.000. Fylgjendur skiptast þannig að rúmlega 40.000 eru fylgjendur á Facebook og tæplega 50.000 á Instagram.

Það sem einkennir okkar fylgjendur er hversu virkir þeir eru, þær færslur sem við birtum fá mjög hátt „engagement rate“ sem segir til um hversu mörgum líkar við færslurnar, skrifa athugasemdir og deila efninu okkar („engagement rate“ er 17,6% á Instagram og um 8% á Facebook). Þetta gerir samfélagsmiðla okkar að mjög góðum vettvangi til þess að ná til þessa stóra hóps unnenda íslenska hestsins og gefur samstarfsaðilum okkar frábær tækifæri til auglýsinga og kynninga á sinni starfsemi.

Aðgerðir til þess að halda fylgjendum virkum fólu m.a. í sér að færslurnar á samfélagsmiðlum voru orðaðar sem spurningar sem hvöttu fylgjendur til að svara og birta myndir úr sínu eigin safni, t.d. í tengslum við hrekkjavökuna og jólin.

Á árinu voru nokkrir þekktir einstaklingar innan hestaheimsins fengnir til að „taka yfir“ samfélagsmiðla HOI í nokkra daga í einu og naut framtakið mikilla vinsæla. Má þar nefna Gígju D. Einarsdóttur, Liga Liepinaa, Zola Runsten, nemendur Hólaskóla, o.fl.

Lögð var meiri áhersla á gerð myndapátta og voru þónokkrir gerðir, t.d. um áttfætta hestinn Sleipni, Djáknann á Myrká, álfasögu, jólasveinasögu í samtarfi við Inspired by Iceland, o.fl.

Meiri áhersla var lögð á að deila fræðslu um íslenska hestinn á samfélagsmiðlum, þar sem efnið var sett fram í stuttu og hnitmiðuðu formi. M.a. var fjallað um hófa, svefn hesta, köstun.

„Friday fun fact“ voru vinsælar færslur þar sem fjallað var um skemmtilega staðreynd um íslenska hestinn á föstudögum. Færsla var um hestatengda málshætti, hugtök og orðatiltæki reyndist sérstaklega vinsæl.


Í júní var settur upp sérstök sjónvarpsstöð (TV channel) fyrir HOI á Instagram.

Meirihluti fylgjenda eru ennþá konur (86%) en hlutfall karlmanna hefur aukist um 1% frá árinu 2017.

Þróun í fjölda fylgjenda á Facebook árið 2018:



Skipting fylgjenda eftir aldri má sjá hér:



Skipting fylgjenda eftir löndum má sjá hér:

Þýskaland	10.812	Ítalía	615
Bandaríkin	5.003	Ástralía	584
Svíþjóð	4.395	Pólland	459
Ísland	2.851	Belgía	380
Danmörk	2.588	Spánn	243
Bretland	1.993	Brasilía	214
Noregur	1.890	Mexíkó	186
Holland	1.637	Írland	166
Austurríki	1.186	Indland	166
Kanada	961	Ungverjaland	128
Finnland	834	Rúmenía	126
Frakkland	791	Tékkland	122
Sviss	659		

Nýja-Sjáland	122	Slóvakía	51
Grikkland	111	Lúxemborg	49
Portúgal	104	Búlgaría	47
Suður-Afríka	103	Alsír	46
Pakistan	102	Egyptaland	45
Slóvenía	75	Japan	45
Tævan	64	Rússland	44
Litháen	63		
Filippseyjar	62		
Taíland	62		
Argentína	61		
Tyrkland	58		
Færeyjar	51		

Gaman er að sjá að það er aukning í fjölda fylgjenda í öllum löndum, mest í Bandaríkjunum, um 1.500 manns.

MÆLIKVARÐAR

Hér má sjá þá mælikvarða, bæði ytri og innri, sem nýttir eru til að meta árangur af markaðsstarfi HOI og fylgjast með þróun í starfsemi sem tengist verkefninu.

Ytri:

- Magn, verðmæti og markaðshlutdeild
- Velta og gjaldeyrstekjur af útflutningi
 - Fjöldi hesta og verðmæti eftir löndum
 - Vöruútflutningi (ath. tollflokka)
 - Ferðaðþjónusta á Íslandi: hve margir ferðamenn (eða hlutfall) kaupa hestaferðaðþjónustu (hestaferðir, lengri og skemmri ferðir) og tíðni
 - Önnur þjónusta?
- Fjöldi íslenskra hesta í heiminum
- Fjöldi hestafélaga í heiminum og meðlima
- Vitund og viðhorf neytenda og annarra aðila í virðiskeðjunni

Innri:

- Fjármögnun verkefnisins og áhugi á þátttöku, innanlands og erlendis
- Virkni á samfélagsmiðlum
- Heimsóknir á vefsíður og virkni
- Árangur af einstökum viðburðum og almannatengslum
- Virði umfjöllunar í fjölmiðlum
- Þátttaka og ánægja meðal samstarfsaðila, vitund og viðhorf innlendra og erlendra samstarfsaðila
- Fjöldi innlendra og erlendra aðila í gagnagrunni

ÁVINNINGUR AF ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU

Ávinningur þátttakenda felst í eftirfarandi:

- Samlegð – vera þátttakandi í hópi samstarfsaðila sem vilja leggja sitt af mörkum til markaðssetningar á íslenska hestinum.
- Þátttaka í fundum tvisvar til þrisvar á ári til að rýna stefnu og móta áherslur.
- Tengslamyndun við þátttakendur - Aðgangur að tengslaneti HORSES OF ICELAND.
- Aðgangur að upplýsingum um markaðsaðgerðir, niðurstöður rannsókna og ýmis fræðsla.
- Möguleiki að tengjast markaðsaðgerðum og viðburðum s.s. í tengslum við Landsmót og Heimsmeistaramót þar sem verkefnið verður kynnt.
- Sýnileiki og upplýsingar um þátttakanda, m.a. með myndmerki (e. logo) viðkomandi á vefsíðu verkefnisins og tengill á vefsíðu þátttakanda, sýnileiki á viðburðum, upplýsingaefni í fjölmiðlapakka sem dreift er til blaðamanna sem koma til landsins í tengslum við verkefnið og kynning með beinum markpósti (ath. fer eftir fjármagni sem lagt er til verkefnisins).
- Leyfi til að nýta einkenni verkefnisins (Horses of Iceland – brings you closer to nature) á vefsíðu þátttakanda með tengingu inn á vefsíðu verkefnisins og aðgangur að kynningarefni HOI.
- Ýmis fleiri tækifæri s.s. á samfélagsmiðlum.

Nánari upplýsingar veitir Jelena Ohm verkefnastjóri, jelena@islandsstofa.is.

Sjá einnig www.horsesoficeland.is www.facebook.com/horsesoficeland
www.instagram.com/horsesoficeland